



## Fundargerð fræðslunefndar 17. mars 2016

Fundur haldinn í fræðslunefnd fimmtudagninn 17. mars. 2016 kl. 11:45 í Vopnafjarðarskóla.

Mættir: Fanney Hauksdóttir, Hafþór Róbertsson, Fjóla Valsdóttir, Ingvar Eðvaldsson og Guðrún Stefánsdóttir. Einnig kom á fundinn Aðalbjörn Björnsson, Sandra Konráðsdóttir, Hafrún Róbertsdóttir og Margrét Arthúrsdóttir

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

### 1. mál

Fundargerð síðasta fundar lesin upp og var hún samþykkt samhljóða.

### 2. mál

Fækkun barna og starfsfólks í leikskólanum – Sandra.

Í dag eru 28 börn í leikskólanum. Ef fer fram sem horfir mun þeim fækka í 21 næsta vetur og þar af leiðandi mun stöðugildum við leikskólann einnig fækka. Einn starfsmaður hefur sagt upp störfum vegna flutninga í sumar og verður ekki ráðið í það stöðugildi. Auk þess verður að fækka um tæplega eitt stöðugildi ( 0.9%). Starfsfólk hefur ákveðið að taka á sig skerðinguna með því að lækka starfshlutfall sitt. Áfram verða þó 2 deildir á leikskólanum.

Sandra greindi einnig frá því að starfsmannakönnun er lokið, niðurstöður komnar og útkoman góð. Könnunin verður rædd á næsta starfsmannafundi leikskólans. Einnig er námskeið í Ipad – Færni til framtíðar á döfinni.

### 3. mál

Kynning á þema leikskólans þessa dagana. Næring og tannvernd. –Lýðheilsa – Sandra. Skipulögð hreyfing er á miðvikudögum fyrir leikskólabörnin. Almenn ánægja með þessa framkvæmd.

### 4. mál

Breytingar á skóladagatali – Aðalbjörn. Skólastjóri lagði fram þá breytingartillögu á núgildandi skóladagatali þannig að föstudagurinn 6. maí, sem er dagurinn eftir uppstigningardag, verður frídagur.

Aðalbjörn fór yfir helstu atriði dagatalsins fyrir skólaárið 2016- 2017 og útskýrði. Dagatalið verður borið upp til samþykktar fræðslunefndar í apríl.

Það kom fram í máli Aðalbjörns að auglýst hefur verið eftir ípróttakennara, borist hafa 2 umsóknir frá leiðbeinendum og 1 fyrirspurn frá réttindakennara. Haldið verður áfram að leita að ípróttakennara. Á þessari stundu er ekki vitað um neinar breytingar á kennaraliðinu á næsta skólaári. Bjarney Jónsdóttir mun ljúka sundnámskeiði sem hafið var í haust, í vor.

Því næst fór Aðalbjörn yfir þróun nemenda fram til ársins 2020. Árið 2005 voru nemendur 114 ef fer sem horfir verða nemendur að óbreyttu 72 árið 2020. Það segir okkur að miklar breytingar gætu verið væntanlegar á stöðugildum og tilhögun skólastarfsins á næstu árum.

### 5. mál

Legóferð - Aðalbjörn

Nemendur skólans (7. bekkur) munu keppa fyrir hönd Íslands á Tenerife í Evrópukeppni í tæknilegópbrautum. Nemendurnir fara 30. apríl og koma heim 7. maí. Með þeim fara Elín Dögg Methúsalemsdóttir og Kristín Jónsdóttir kennarar ásamt 3 foreldrum.

### 6. mál

Önnur mál.

Fjóla spurði um samkenndu og hvernig hún hafi gengið. Aðalbjörn taldi að ágætlega hafi gengið þó alltaf mætti gera betur. Það þyrfti alltaf að huga að samsetningu hópanna.

7. mál

Staða fyrirhugaðar framhaldsskóladeildar á Vopnafirði – Fanney.

Það stefnir allt í að deildin muni starfa næsta vetur, þegar eru komnar 4 umsóknir og 1 til var og 2 annað val. Fjármagn hefur verið tryggt. Næsta skref er að leita að hentugu húsnæði. Laugaskóli mun svo auglýs eftir kennara.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:30

Hafþór Róbertsson